



Traustur hópur frambjóðenda D-listans.

Áfram á sömu braut

Það er ljóst að hart er sótt að núverandi meirihluta D-listans. Hér í Hveragerði var ákveðið að sameina krafta Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokksins í þeirri von að koma mætti farsælum meirihluta D-listans frá völdum. Það er afar mikilvægt fyrir áframhaldandi uppbyggingu og farsæld Hveragerðisbæjar að áfram verði haldið með þau góðu verk sem hafist hafa á núverandi kjörtímabili.

Allir bæjarbúar hljóta með sanngirni að sjá að alger viðsnúningur hefur orðið á viðhorfi landsmanna gagnvart Hveragerði. Þeir sem hingað koma hafa á orði að umhverfi bæjarins sé með allt öðrum bragen áður. Undanfarnir dagar færa okkur heim sanninn um að svo muni verða áfram sé rétt á málum haldið. Ferðabjónustuaðilar hafa allir sem einn lýst yfir ánægju með þær

framkvæmdir sem ráðist hefur verið í á hverasvæðinu í miðbænum og væntanlega mun hinn nýi Hveragarður með sinni fjölbreyttu afþreyingu verða ferðabjónustu í bænum mikil lyftistöng. Á næstu dögum verður einnig opnaður Heilsustígur meðfram Reykjafjalli sem byggir á frumkvöðlastarfi landslagsarkitekta sem hingað leituðu. Hveragerði var í þeirra augum ákjósanlegasta bæjarfélagið til staðsetningar stígs sem þessa. Með þessu verkefni færumst við enn nær markmiði okkar um Hveragerði sem miðstöð heilsu á Íslandi.

Síðastliðna helgi var miðbær Hveragerðis fullur af fólki. Höfuðborgarbúum í leit að afþreyingu í fallegu umhverfi. Þarna er markhópur sem við sem bæjarfélag eigum að nýta okkur enn betur en gert er

í dag en að því hefur allt starf núverandi meirihluta miðað. Við búum í einum helsta ferðamannabæ Íslands. Tækifærin liggja víða og þau eigum við öll sem eitt að sameinast um.

Frambjóðendur D-listans vilja nota þetta tækifæri til að þakka bæjarbúum góðar móttökur þegar við bárum út stefnuskrá okkar. Sumir buðu innfyrir í kaffi, aðrir spjölluðu á dyrahellunni en alls staðar var okkur tekið af mikilli kurteisi. Fyrir slíkt viðmót ber að þakka. Það er mikilvægt að allir sem kunna að meta þau góðu verk sem unnin hafa verið að undanfögnu mæti á kjörstað og leggi sitt lóð á vogarskálarnar til að meirihluti D-listans og núverandi bæjarstjóri fái tækifæri til að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið undanfarin fjögur ár.

Kosningaskrifstofa D-listans

Kosningaskrifstofan er til húsa í Breiðumörk 25a (við torgið).

Opnunartími:

Mánudaga - föstudaga kl. 18-22

Laugardaga og sunnudaga kl. 12-18

483-4640 eða blahver@blahver.is

Áfram

HVERAGERÐI





Lárus Kristinn Guðmundsson skipar 6. sæti D-listans.

„Ég hef búið í Hveragerði frá fimm ára aldri, mjög snemma var ég farinn að slá garða fyrir íbúa bæjarins. Það voru sérstaklega íbúarnir í eldri kantinum sem nýttu sér þessa þjónustu og mér þykir vænt um að þeir skuli margir hverjir enn muna eftir mér. Í dag er áhugasviðið meira tengt hjálpar- og öryggisstörfum enda er það starfsvettvangur minn í dag.“ Lárus er fæddur í Reykjavík 8. mars 1984. Foreldrar hans eru

Kristín Alda Júlíusdóttir og Guðmundur Guðbrandsson. Lárus á fjögur systkini, Júlíus, Einar, Erlu Rún og Friðrúnu. Unnusta hans er Kristjana Sigurveig Sveinsdóttir (Kittý), starfsmaður Áss og Undralands. Hún er dóttir Sveins og Guðrúnar á Varmá í Hveragerði. Sonurinn Eyvindur Sveinn er nýorðinn tveggja ára.

Lárus Kristinn er lærður húsasmiður frá FSu og lauk hann sveinsprófinu 2004.

Starfaði hann við húsasmiðar áður en hann hóf störf hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins árið 2005. Þar starfar hann í dag sem Slökkviliðs og sjúkraflutningsmaður og hefur lokið námi sem atvinnuslökkviliðsmaður og neyðarflutningsmaður. Lárus er starfandi bruna-vörður hjá Slökkviliði Hveragerðis og gegnir þar stöðu aðstoðarvarðstjóra. Það er óhætt að segja að öryggismál bæjarbúa séu Lárusi ofarlega í huga en hann hefur verið starfandi í Hjálparsveit skáta í Hveragerði frá fjórtán ára aldri og er núverandi formaður sveitarinnar. Í starfi sínu fyrir

Hjálparsveitina hefur hann lokið fjölda námskeiða svo sem vettvangsstjóra, fjalla-björgun, rústabjörgun, aðgerðarstjórnun og mörg fleiri.

Áhugamál Lárusar eru fjölbreytt en hann hefur mikinn áhuga á útivist, hjólreiðum, körfubolta, skotveiði og veiðum yfir höfuð. Þegar hann er spurður um það hvers vegna hann taki nú þátt í sveitarstjórnarmálum segir hann: „Mér gefst núna gott tækifæri til að hafa áhrif á það hvernig bæjarfélaginu er stýrt. Við Kittý eigum lítinn dreng sem við viljum að njóti þess besta þegar kemur að þjónustu bæjarfélagsins. Það hefur verið haldið vel utan um alla málaflokka að undanfögnu og ég tel brýnt að áfram verði haldið á þeirri braut. Það er mikill og góður skóli að fá tækifæri til að taka þátt í pólitík sérstaklega með reynslumiklu fólki eins og því sem skipar D-listann. Það er alveg á hreinu að ég mun leggja mitt af mörkum til að gera góðan bæ ennþá betri.“



Nokkrar af fjölmörgum framkvæmdum núverandi kjörtímabils...

Ný slökkvistöð




Stórátak í göngustígum



Nýtt verknámshús



Smágarðar



Útistofa undir Hamrinum



Viðbygging við Óskaland



Fjölbreytt búsetuúrræði



Þórsörk malbikuð



Endurbætur á hverasvæði



Endurbætur á Listigarðinum





Ninna Sif Svavarsdóttir skipar 5. sæti D-listans

„Ástæðan fyrir því að ég tek þátt í pólitík er einfaldlega sú að mitt nærsamfélag skiptir mig máli. Mér er ekki sama um hvernig ákvarðanir eru teknar sem varða bæði mig og mína fjölskyldu og allt það samfélag sem við búum í. Ég hef sterka réttlætiskennd og vil leggja mitt af mörkum. Svo hef ég gaman af að vinna með fólki og finnst það forréttindi að fá að taka þátt í skapandi vinnu með góðu fólki, en þannig lít ég á sveitarstjórnarmálin,“

segir Ninna Sif Svavarsdóttir sem situr í 5. sæti á D-listanum. Ninna Sif er fædd á Akranesi og ólst þar upp fyrstu árin. Seinna flutti hún til Reykjavíkur en einnig bjó hún í Danmörku um tíma. „Foreldrar mínir eru Svavar Sigurðsson á Akranesi og Hjördís Hjaltadóttir í Hveragerði. Móðurafi minn og amma bjuggu í Vorsabæ í Ölfusi, þau Ögmundur Jónsson bóndi sem nú er látinn og Judith Jónsson sjúkraliði sem dvelur á Ási hér í Hveragerði.

Svo á ég systur, Írisi Judith Svavarsdóttur, sem býr að Rauðalæk í Ölfusi ásamt fjölskyldu sinni.“

Eiginmaður Ninnu Sifjar heitir Daði Sævar Sólmundarson, sonur Sólmundar Sigurðssonar og Hólmfríðar Hilmisdóttur. Hann er málari. Þau eiga þrjú börn, Svavar, 11 ára, Kristínu Sif 9 ára og Hallgrím 3 ára. Ninna er guðfræðingur og starfar sem æskulýðsfulltrúi Selfoskirkju og Suðurprófastdæmis. Þá er hún einnig doktorsnemi og stundakennari við Guðfræðideild Háskóla Íslands. „Mér finnst ég vera í skemmtilegustu vinnu í heimi enda hef ég

ávallt haft brennandi áhuga á fólki og lífinu almennt.“

En hvers vegna búa Ninna og Daði í Hveragerði og hvernig líkar þeim að vera hér? „Við keyptum okkar fyrstu íbúð í Reykjavík, en eiginmaðurinn þreyttist ekki á að dásama Hveragerði. Sagði lífshamingjuna að finna í Hveragerði og hvergi annars staðar! Svo þegar kom að því að við þurftum að stækka við okkur ákváðum við að flytja hingað. Ég sé ekki eftir því. Börnin hafa hreinlega blómstrað hér og mér finnst afskaplega gott að búa í þessu samfélagi.“

En á hvaða málaflokk mun Ninna leggja áherslu á komandi árum? „Þar sem ég starfa með börnum og unglingum, og er sjálf með börn, hef ég mestan áhuga á þeim málum sem varða börn og fjölskyldur. Mín skoðun er sú að besti grunnurinn til framtíðar sé sá að hlúa vel að börnum og unglingum. Stundum hefur verið sagt að það þurfi heilt þorp til þess að ala upp barn. Hveragerði er, og á að vera áfram, staður þar sem vel er hugsað um unga fólkið. Ég vil leggja mig alla fram til að svo megi verða.“

Ninna vill að lokum hvetja alla til að taka þátt í kosningunum, taka upplýsta afstöðu og vera með. Í svona litlu samfélagi eru boðleiðirnar einfaldar og stuttar og því er auðvelt að láta rödd sína heyrast.

... og miklu fleiri á dagskrá!

Blóm í bæ



Ný upplýsingaskilti



Varmahlíð malbikuð



Nýjar skólastofur



Ný hundasvæði



Trjásaft



Nýtt aðstöðuhús í Dalnum



Ný byggingasvæði



Kjósum rétt!



Loksins Stræto



Þjónustusamningar eru mikilvægir

Hveragerðisbær hefur undanfarin ár gert fjölda þjónustusamninga við ýmis félagasamtök í bænum. Meðal þeirra nýjustu eru samningar við Golfklúbb Hveragerðis, Íþróttafélagið Hamar, Leikfélag Hveragerðis, Skátafélagið Strók, Hjálparsveit skáta Hveragerði, Foreldrafélag Grunnskólans, Hestamannafélagið Ljúf, Rauða krossinn, Listasafn Árnesinga og fleiri.

Í samningunum er undantekningalaust kveðið á um ákveðna þjónustu sem félögin inna af hendi fyrir bæjarfélagið um leið og ákveðin upphæð er greidd til félaganna. Beinn fjárhagsstuðningur er einnig tilgreindur í þessum samningum. Með þessu móti hafa hagsmunir bæjarins og félaganna farið saman. Engin skerðing hefur orðið á framlögunum þrátt fyrir yfirstandandi efnahagslægd. Meirihluti D-listans er afar meðvitaður um það góða sjálfbærðastarf sem innt er af hendi í félögunum og mun áfram sem hingað til standa vörð um félögin í bænum.

Sannleikurinn um skuldastöðu bæjarins

Skuldastaða bæjarfélagsins hefur orðið frambjóðendum A-listans tilefni til stórra yfirlýsinga. Fyrir íbúa Hveragerðis er nauðsynlegt að farið sé rétt með.

Heildarskuldir bæjarins án lífeyrisskuldbindinga eru 1.616 mkr, eða 703 þúsund krónur á hvern íbúa.

Til samanburðar er rétt að geta þess að ekki er óalgengt að skuldir íbúa í þeim sveitarfélögum sem við berum okkur oftast saman við séu vel yfir 1 milljón.

Þegar mikið er framkvæmt er eðlilegt að skuldum sé dreift yfir lengra tímabil en fjögur ár. Framkvæmdir eins og viðbygging við leikskóla, gatnagerð, göngustígar, aðstöðuhús, verknámsaðstaða, áhaldahús og slökkvistöð eiga að nýstast bæjarbúum í tugi ára. Er þá ekki eðlilegt að tekin séu lán til þeirra framkvæmda og þau greidd niður á lengri tíma en fjórum árum?

Ágæta vinkona!

Minnum á dömukvöld
fimmtudaginn 27. maí
í gamla Hótel Hveragerði



Vissir þú að...

...foreldrum barna í leikskólum er nú boðið foreldrafaerninámskeið.

... lyft hefur verið grettistaki í fegrun bæjarins.

... aðstaðan í Listigarðinum við Fosflöt hefur verið bætt stórlega.

... fyrir liggur teikning af 1. áfanga viðbyggingar grunnskólans.

... börn byrja í leikskólanum 18 mánaða.

... systkinaafsláttur gildir nú milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla.

... komið er trjásafn undir Hamrinum.

... búið er að setja upplýsingaskilti við Skáldagötuna, Varmahlíðarhúsið, Sundlaugina og Mjólkurbúið.

... bærinn hefur lagt stóraukið fé til reksturs Listasafns Árnesinga.

... samstarf milli ferðaþjónustuaðila hefur verið aukið með aðstoð frá Vaxtarsamningi Suðurland.

... búið er að skrifa undir samstarfs-samning við HNLFÍ um aukið samstarf.

... fulltrúi A-listans stóð að því að leggja niður Atvinnumálanefnd.

... sýnileiki bæjarins hefur verið stóraukinn með hátíðinni Blóm í bæ.

... tekin var upp akstursþjónusta fyrir eldri borgara á kjörtímabilinu.

... öll þjónusta við eldri borgara hefur verið stórbætt á kjörtímabilinu.

... að gerður var samningur við HNLFÍ um aðgang að sundlauginni fyrir eldri borgara.

... aðgengi bæjarbúa að stjórn-sýslunni var stóreflt í upphafi kjörtímabilsins.